

**Ed.**

**446. Nefndarálit**

[158. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Það virðist vera orðin föst venja hjá núverandi stjórnarflokkum að breyta verulega einstökum liðum fjárlaga þegar í upphafi fjárlagaárs.

Með frumvarpi því, sem hér er til afgreiðslu, er fyrirhugað að lögfesta lækkun á ýmsum útgjaldaliðum nýsamþykkrtra fjárlaga, og það enda þótt tillögur frá stjórnarandstæðingum við sömu útgjaldaliði væru kolfelldar við fjárlagaafgreiðsluna. Þá voru lækkunartillögur við þessa sömu liði taldar sýndarmennska ein og ábyrgðarleysi, en nú bregður svo við, að unnt er að lækka þessa sömu liði, og það að sjálf-sögðu talin dyggð.

Þegar fjárlög voru til afgreiðslu fyrir síðustu áramót, var það augljóst, að þrátt fyrir gengislækkunina í nóvember var ekki rekstrargrundvöllur fyrir aðalútflutningsatvinnuvegin. Útreikningar sérfræðinga ríkisstjórnarinnar í sambandi við gengislækkunina stóðust ekki, þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða. Það sanna bezt þær ráðstafanir, sem þurft hefur að gripa til síðan. Það var því þá þegar augljóst, að veita þyrfti útflutningsatvinnuvegunum frekari aðstoð, svo að þær breytingar, sem þetta frumvarp gerir á fjárlagagreiðslum, gátu þess vegna legið fyrir við afgreiðslu fjárlaganna.

Sá raunverulegi sparnaður, sem í þessu frumvarpi felst, er góðra gjalda verður, svo langt sem hann nær, og munum við að sjálfsögðu samþykkja þær tillögur.

Raunverulegur sparnaður í ríkisrekstrinum nemur aðeins litlum hluta af þeirri fjárhæð, sem frumvarpið fjallar um. Að meginhluta er annars vegar um að ræða lántökur, er komi í stað beinna fjárveitinga, en hins vegar er niðurfelling fram-laga til undirstöðu- atvinnuveganna eða sjóða þeirra.

Minni hlutinn mun ekki beita sér gegn frumvarpinu, en leggja fram á sérstöku þskj. nokkrar breytingartillögur.

Alþingi, 27. marz 1968.

Bjarni Guðbjörnsson, Einar Ágústsson.  
frsm.